



14. maí 2024

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 1075. mál á 154. löggjafarþingi

Húsnæðisbætur (grunnfjárhæðir og fjöldi heimilismanna)

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að grunnfjárhæðir húsnæðisbóta hækki um 25% og að aukið tillit verði tekið til fjölskyldustærðar þannig að húsnæðisbætur verði framvegis greiddar fyrir allt að sex heimilismenn í stað fjögurra hingað til.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa alltaf barist fyrir því að heimili landsins hafi aðgang að viðunandi húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Samtökin hafa aldrei gert sérstakar kröfur um útgjöld úr ríkissjóði til að niðurgreiða of háan húsnæðiskostnað, heldur lagt áherslu á að stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja nægilegt framboð húsnæðis og búa þannig um húsnæðismarkaðinn að húsnæðiskostnaður sé viðráðanlegur, hvort sem er vegna kaupa eða leigu. Færa má rök fyrir því að niðurgreiðslur á of háum húsnæðiskostnaði leigjenda geri leigusölum í raun kleift að innheimta hærri leigu en ella, sem væri óþarfi ef leiguhúsnæði væri einfaldlega á viðráðanlegu verði fyrir leigjendur. Að því sögðu leggjast samtökin þó ekki gegn því að þeim sem þurfa á því að halda sé ívilnað af hálfu stjórnvalda, sem gæti reyndar verið einfaldara með skattaafslætti en niðurgreiðslum.

Samtökin taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Alþýðusambands Íslands þar sem er hvatt til sameiningar húsnæðisbótakerfisins og sérstakra húsnæðisbóta sveitarfélaganna, sem gæti orðið til mikillar einföldunar og aukins hagræðis. Jafnframt taka samtökin undir það sem þar segir um að endurskoða þurfi reglur um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga til að tryggja að hann lækki ekki vegna hækkunar á húsnæðisbótum samkvæmt frumvarpinu og eyði þannig þeim ávinningi sem er markmið þess að veita leigjendum sem þurfa að reiða sig á slíkan stuðning.

Þar sem framlagning þessa frumvarps er liður í aðgerðum til stuðnings kjarasamningum á íslenskum vinnumarkaði eru Hagsmunasamtök heimilanna fylgjandi því að það nái fram að ganga.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is